

# Framboð til kirkjuþings

## Stefán Magnússon

### 7. kjördæmi

### Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Ég heiti Stefán Magnússon og bý í Fagraskógi við Eyjafjörð ásamt eiginkonu minni Sigrúnu Jónsdóttur. Við eigum þrjú uppkomin börn og barnabörnin eru orðin sjö.

Starf mitt er bóndi. Ég er búfræðimenntaður og með búafræðimenntun frá Noregi. Fyrir utan áhuga á mállefnum kirkjunnar hef ég áhuga á lestri, tónlist og menningarmálum almennt. Hér á árum áður keppti ég í blaki og var landsliðsmaður í þeirri grein í nokkur ár. Ég var einnig mikið í félagsmálum bæði tengt íþróttastarfinu og mínu starfi sem bóndi.



Ég hef verið formaður sóknarnefndar Möðruvallaklausturssóknar í tæp 25 ár. Ég hef auk þess verið kirkjuþingsfulltrúi frá árinu 2010.

Ég hef sem kirkjuþingsfulltrúi komið að ýmsum stórum og mikilvægum málum kirkjunnar á liðnum árum. Svo sem samningi ríkis og kirkju um fjármál 2017- 2019 og setningu nýrra þjóðkirkjulaga 2021 en ég kom mikið að samningu þeirra frá 2014 og sérstaklega frá 2018 til 2021 bæði sem nefndarmaður í löggjafarnefnd kirkjuþings og sem fulltrúi í þriggja manna nefnd kirkjuþings sem lagði loka hönd á lagadrögin af hálfu kirkjuþings. Einnig hafði ég mikla aðkomu að skipulagsbreytingum í yfirstjórn þjóðkirkjunnar bæði á síðasta kjörtímabili sem og því sem nú er að ljúka. Skrifaði m.a. grein árið 2020 þar sem ég lýsti sýn minni á framtíðarskipulag kirkjunnar. Ég hef á þessu kjörtímabili ritað nokkrar greinar um málefni kirkjunnar ásamt dr Hjalta Hugasyni. Þær má finna á vefritinu [kirkjubladid.is](http://kirkjubladid.is) undir "gestaglugginn"

Ég hef haft ánægju af að starfa á kirkjuþingi. Á árunum 2014 – 2021 var ég í kirkjuráði á miklum umbreytingatímum. Ég hef setið í löggjafarnefnd þingsins síðastliðin þrjú kjörtímabil. Jafnframt hef ég

starfað í ýmsum nefndum sem þingið hefur skipað. Ég hef lagt fram allnokkur mál á kirkjuþingi í gegnum tíðina ýmist einn eða í samstarfi við aðra þingfulltrúa.

Á komandi kjörtímabili sé ég fyrir mér að endurskoða þurfi reglur um kjör til kirkjuþings; laga og festa betur í sessi skipulag yfirstjórnar kirkjunnar; endurskoða skipulag þjónustu kirkjunnar og skerpa betur á fjármálalegri stjórnun hennar.

Í mínu kjördæmi, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, kjósa aðal og varamenn í sóknarnefndum fulltrúa á kirkjuþing. Ég hvet allt sóknarnefndarfólk og varamenn til að nýta kosningarétt sinn 7. – 12. maí og bið um þinn stuðning.